

LANDPÓSTURINN

2. tbl. 11. árg. Fréttabréf Félags landfræðinga
Pósthólf 5391, 125 Reykjavík, ábm.: Matthildur Kr. Elmarsdóttir

GÓUGLEÐI

Laugardaginn 27. febrúar næstkomandi mun Félag landfræðinga halda *góugleði* í glæsilegum salarkynnum á efri hæð Kaffi Reykjavíkur. Efri hæðin er ríkulega búin leðursófum, með sér bar og snyrtingu og afar huggulegum innréttingum.

Á boðstólum verður glæsilegur kvöldverður sem samanstendur af eftirfarandi matseðli:

Forréttur: Rjómalöguð sjávarréttasúpa með rækjum, hörpuskel og aniskeim.

Aðalréttur: Koniaksleginn lambavöðvi með piparsósu, snöggsteiktu grænmeti og bakaðri kartöflu.

Í eftirrätt verður kaffi og konfekt.

Einnig er boðið upp á fjölbreytta grænmetisrétti.



Salurinn opnar klukkan 19.00 og hefst borðhald stundvíslega klukkan 19.45. Sætafjöldi er takmarkaður, snyrtilegur klæðnaður (hvað sem það nú merkir). Um kvöldið verða blönduð skemmtiatriði, gamanmál og tónlistaratriði. Á neðri hæðinni hefst dansleikur klukkan 23.30 þar sem hljómsveitin Karma heldur uppi stuðinu og er aðgangur ókeypis fyrir veislugesti.

Miðaverð fyrir kvöldverð, skemmtiatriði og dansleik á eftir verður einungis 2.350 krónur. Fyrir veislugesti verður tilboð á barnum þar sem stór ölkolla verður á 400 kr. og rauðvíns- eða hvítvínsglas á 400 kr.

Miðapantanir og skráning í eftirfarandi símanúmerum

Hjalti: 563 2300

hjk@rvk.is

Kristin: 510 4000

krista@hönnun.is

Axel: 569 6000

avb@os.is

Inga Ingibjörg Guðmundsdó

Bröttubrekku 1

200 Kópavogi


Vinsamlegast skráið ykkur fyrir mánudaginn 22. febrúar Við skorum á árganga úr HÍ, eða aðra ættbálka og ment félagsins, að hópa sig saman og mæta með gleði í hjarta.

Með kveðju,
Góunefndin

AÐALFUNDUR – MEÐ MEIRU 10. MARS

Aðalfundur Félags landfræðinga verður haldinn 10. mars næstkomandi. Á dagskrá eru venjuleg aðalfundarstörf, sbr. meðfylgjandi lög félagsins. Eru félagar eindregið hvattir til að mæta og leggja grunn að öfluglu starfi allt inn í hið örlagaþrungna ár 2000.

Að loknum aðalfundarstörfum munu Kristín Ágústsdóttir og Sunna Ósk Logadóttir segja frá nýlegum lokaverkefnum sínum til B.S. prófs í landafræði. Báðar fjölluðu þær um efni tengt ferðamennsku. Kristín skrifaði um ferðalög á hestum um hálendi Íslands, sem orðið hafa talsvert vinsæl á undanförmum árum, einkum meðal erlendra ferðamanna. Sunna fjallaði hins vegar í ritgerð sinni um annars konar farskjóta, nefnilega jeppana íturvöxnu, sem landinn notar sjálfur í miklum mæli til ferðalaga. Báðar veltu fyrir sér áhrifum allra þessara ólíku hestafla á viðkvæmt umhverfi hálendisins.



Lög Félags landfræðinga

1. grein

Félagið heitir FÉLAG LANDFRÆÐINGA. Heimili þess og varnarþing er í Reykjavík.

2. grein

Markmið félagsins er:

- a) Að starfa sameiginlega að eflingu fræðigreinarinnar landafræði.
- b) Að efla samvinnu félagsmanna.
- c) Að standa vörð um hagsmunamál og réttindi landfræðinga.

3. grein

Félagi getur orðið hver sá, sem lokið hefur háskólaprófi í landafræði frá viðurkenndum háskóla, enda samþykki félagsstjórnin upptöku hans. Sé vafi um prófgráðu umsækjanda skal aðalfundur skera úr um inngöngu hans í félagið. Aukaaðild að félaginu geta þeir fengið sem eru í landafræðinámi á háskólastigi gegn greiðslu á hálfu árgjaldi. Aukafélagar hafa málfrelsi og tillögurétt.

4. grein

Fullgildur félagi er sá sem greitt hefur félagsgjöld sín til félagsins fyrir næstliðið ár eigi síðar en á aðalfundi félagsins. Nú stendur félagi eigi í skilum á félagsgjöldum, ber þá gjaldkera að tilkynna honum bréflega um réttindamissi hans í félaginu, verði skuldin eigi greidd innan tveggja mánaða frá dagsetningu bréfsins. Undanþegnir félagsgjöldum eru félagar eldri en 70 ára og félagar við framhaldsnám.

5. grein

Aðalfundur skal halda í marsmánuði ár hvert og skal hann boðaður bréflega með eigi minna en tveggja vikna fyrirvara. Fastir liðir á dagskrá aðalfundar skulu vera:

- a) Skýrsla formanns.
- b) Að leggja fram endurskoðaða ársreikninga félagsins.
- c) Að kjósa fimm manna stjórn. Formaður skal kosinn sérstaklega til eins árs í senn. Kjörtímabil annarra stjórnarmanna er tvö ár og ganga tveir árlega úr stjórninni. Stjórnin skiptir að öðru leyti með sér verkum.
- d) Að kjósa tvo endurskoðendur.
- e) Að ákveða félagsgjöld.

- f) Lagabreytingar.
- g) Önnur mál.

6. grein

Stjórnin er fulltrúi félagsins út á við, en heimilt er henni eða aðalfundi að fela öðrum að koma fram sem fulltrúi þess í sérstökum tilfellum, ef þurfa þykir. Stjórnin boðar til félagsfundar þegar henni þykir tilefni til og skylt er henni að boða til fundar þegar sjö félagsmenn eða fleiri óska þess.

7. grein

Á fundum félagsins ræður afl atkvæða úrslitum mála. Þó verður lögum þess eigi breytt nema á aðalfundi og því aðeins að 2/3 fundarmanna samþykki breytinguna. Tillögur um lagabreytingar skulu berast stjórn eigi síðar en 1. febrúar og skulu þær sendar út með aðalfundarboði.



NETFÖNG

Landpósturinn er nú í annað sinn sendur einungis með tölvupósti til þeirra sem eru á netfangalista félagsins en með hefðbundnum pósti til annarra. Þeir félagsmenn sem eru með netföng og fá ekki Landpóstinn með tölvupósti eru vinsamlegast beðnir að senda félaginu netföng sín (til matta@skipulag.is eða hbd@os.is).

MERKI FÉLAGSINS

Stjórnin minnir á yfirstandandi hugmyndasamkeppni um merki félagsins. Tillögur má senda í pósthólf 5391, 125 Reykjavík eða koma þeim til stjórnar-meðlima. Hugmyndirnar þurfa ekki að vera útfærðar í smáatriðum og mega hvort heldur vera í máli eða myndum.